

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 72/1941. Réttvísinn (Theodór B. Lindal)  
gegn

Valdimar Jóhannssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn ákvæðum 95. gr. alm. hegningarlaga.

### Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsingin þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

### Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig að refsing ákærða, Valdimars Jóhannssonar, ákveðst 30 daga varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Theódórs B. Lindals og Péturs Magnússonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1941.

Ár 1941 laugardaginn 23. ágúst var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2527/1941: Réttvísinn gegn Valdimar Jóhannssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 47 1941 um breyting á 88. gr. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Það var dómtekið 20. þ. m.

Ákærður er Valdimar Jóhannsson, ritstjóri vikublaðsins Þjóðólfs, til heimilis Skeggjagötu 8 hér í bæ. Hann er fæddur 28. júní 1915 að Skriðulandi í Árneshreppi. Hann hefur ekki sætt ákærum eða refsingum fyrr, svo kunnugt sé.

Í 9. tölublaði Þjóðólfs, sem út kom hinn 5. þ. m., birtist grein undir yfirskriftinni: „Brezk-íslenzki viðskiptasamningurinn.“ Greinin birtist nafnlaus og er rituð af hinum ákærða ritstjóra blaðsins. Greinin ræðir um samningsgerð þá, er í yfirskriftinni getur, en er annars nærfellt öll harðorð árás á hr. Owen Stooks Hellyer, er tók þátt í samningagerðinni sem fulltrúi brezka matvælaráðuneytisins og var staddur hér á landi, er umrædd grein var birt.

Inntak ádeilunnar á hr. Owen Stooks Hellyer er í aðalatriðum þetta:

Frá því er skýrt, að hann sé brezkur útgerðarmaður, og síðan fullyrt, að hann hafi gerzt fiskkaupmaður á síðastliðnu ári, hafi keypt fisk hér af sjómönnum og útgerðarmönnum og látið sigla með hann til Englands og selja þar. Hann hafi síðan, í því skyni að hindra samkeppni íslenzkra manna við sig, fengið brezku ríkisstjórnina til að velja sig til að semja við íslenzk stjórnarvöld um kaup á sjávarafurðum. Þá samningsgerð hafi hann rækt á þá lund að útvega sjálfum sér „stórkostleg sérrettindi um fiskkaup á Íslandi og fiskútflutning“, tryggt sér „óskoraða möguleika til fjáröflunar á fiskverzluninni“ og bægt frá sér „hættulegri samkeppni af hálfu íslenzkra frystihúsa og niðursuðuverksmiðja“. Þessi sérrettindi séu honum fengin á kostnað Íslendinga, en hagsmunir hans eigin þjóðar hafi heldur ekki átt samleið með hans hagsmunum í þessum málum.

Í greininni er þessi ádeila byggð annars vegar á stöðu hr. Hellyers sem útgerðarmanns og þeirri fullyrðingu, að hann hafi rekið hér fiskkaup, og efni viðskiptasamningsins hins vegar. Undir rannsókn málsins hefur ákærður engin frekari gögn getað fært fram til stuðnings ádeilu sinni.

Með þessari ádeilu sinni á trúnaðarmann erlends ríkis, er hingað er sendur til samningsgerðar við íslenzk stjórnarvöld, þar sem ákærður ber á hann að hafa hagað samningsgerð sinni á þá lund, er honum sjálfum yrði til sem mestra persónulegra hagsmuna, og fórnað til þess jafnt hagsmunum sinnar eigin þjóðar, sem nauðsyn íslenzku þjóðarinnar, hefur ákærður gerzt sekur við 95. gr., 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 47 27. júní 1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 150.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærður, Valdimar Jóhannsson, sæti varðhaldi í 60 daga og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 74/1941. **Réttvísín** (Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Ríkharði G. Hafdal og Árna Sigursteinssyni**  
(Einar B. Guðmundsson).

Þjófnaður.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Með því að fallast má á héraðsdóminn þá ber að staðfesta hann.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talinn málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

**Því dæmist rétt vera:**

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.